

Uppgjör áætlunar um refaveiðar 2014-2016

[Type here]

Efnisyfirlit

Samantekt	3
Inngangur	4
Markmið og áherslur	4
Áætlanir sveitarfélaga	5
Uppgjör	5
Refaveiðar	7
Endurgreiðslur	9
Mat á tjóni	10
Rannsóknir og grenjaskráning	11

Samantekt

Umhverfisstofnun lagði fram áætlun um refaveiðar fyrir árin 2014-2014. Áætlunin byggði á fjármagni sem ríkið lagði fram, 30 milljónir á ári. Tekið var upp breytt fyrirkomulag þar sem sveitarfélög lögðu fram áætlanir til þriggja ára og gerður var samningur við þau í samræmi við það.

Árið 2013 fór af stað vinna við gerð landsáætlunar vegna refaveiðar. Umhverfisstofnun lagði fram áætlun til þriggja ára um refaveiðar 2014-2016. Aðal áhersla áætlunarinnar var aukið samstarfs aðila, sanngjörn endurgreiðsla ásamt betri upplýsingum til mats á stofnstærð og tjón af völdum refs.

Í þessari skýrslu er áætlunin gerð upp þar sem fjallað er um hvað gekk vel og hvað gekk ekki vel með það að markmiði að bæta úr við gerð nýrrar áætlunar.

Niðurstaða uppgjors Áætlunar um refaveiðar til þriggja ára 2014-2016 er að

- Nokkuð vel tókst að koma út fjármagni til sveitarfélaganna og almenn sátt um fyrirkomulagið. Þó voru áætlanir hærrí en raunkostnaður síðan varð, sem skýrir af hverju ekki var greitt út allt fjármagnið árlega.
- Árleg veiði var á bilinu 4.400 -6.400 dýr.
- Samningar voru gerðir við 56 sveitarfélög af 74 og fengu um 50 af þeim endurgreiðslu yfir samningstímann, hluta af kostnaði vegna refaveiða.
- Samvinna milli sveitarfélaga um áætlanir um refaveiðar tókst ekki mjög vel, einungis fjögur sveitarfélög sameinuðust um 2 áætlanir
- Upplýsingar um staðsetningu grenja er almennt góð, en vantar upplýsingar um hvort þau er í ábúð á hverju ári
- Skráning á tjóni af völdum refs var ófullnægjandi og engin skráning barst stofnuninni beint frá bændum.
- Skil á dýrum vegnar rannsókna til NÍ voru góð af flestum svæðum nema af Vesturlandi og Norðurlandi.
- Ekki liggur fyrir nýtt stofnstærðarmat í lok tímabilsins eins og stefnt var að né mat á ákjósanlegri verndarstöðu stofnsins.

Í ljósi ofanritaðs telur stofnunin sig ekki geta gert tillögu um fyrirkomulag refaveiða til langs tíma eins og statt er. Stofnunin telur að á næsta tímabili ætti að vera búið að vinna úr þeim gögnum sem fyrir liggja varðandi stofnstærðamatið. Hins vegar er ljóst að ef ekki koma upplýsingar um tjón af völdum refa, hvort sem er hjá bændum, fyrirtækjum, einstaklingum eða hjá örðum, heilsufarslegt tjón eða búfénaðar eða á náttúru Íslands, getur stofnunin ekki gert slíka tillögu. Ef ekki eru fyrirbyggjandi upplýsingar um tjón, getur stofnunin ekki gert tillögu um veiðar, sbr. 12. Gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Inngangur

Árið 2013 fór af stað vinna við gerð landsáætlunar vegna refaveiðar. Umhverfisstofnun lagði fram áætlun til þriggja ára um refaveiðar 2014-2016. Aðal áhersla áætlunarinnar var aukið samstarfs aðila, sanngjörn endurgreiðsla ásamt betri upplýsingum til mats á stofninum. Áætlunin var til kynningar á vef Umhverfisstofnunar og send á sveitarfélög þar sem hvatt var til þess að gera athugasemdir við fyrirkomulagið. Einnig var áætlunin tekin fyrir í samráðsvettvangi fyrir refa- og minkaveiðar, þar sem aðilar frá Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun og Sambandi sveitarfélaga eiga fulltrúa. Smávægilegar lagfæringar voru gerðar eftir það ferli og áætlunin gefin út í endanlegri mynd í kjölfarið.

Lögð var fram ný nálgun varðandi skiptingu sveitarfélaga eftir landstærð og fólksfjölda sem gaf góða raun þar sem sanngirni var höfð að leiðarljósi. Sveitarfélög lögðu fram áætlanir vegna þessara þriggja ára og í kjölfarið var gerður samningur samkvæmt þeim og fyrir fram ákveðnum endurgreiðsluhlutföllum með aukinn fyrirsjáanleika að leiðarljósi. Samningarnir voru endurskoðaðir árlega og gafst þá tækifærir til að koma að breytingum. Áætlanir sveitarfélaganna stóðust í flestum tilfellum en árlega endurskoðunin gerði það einnig að verkum að hægt var að hækka endurgreiðsluhlutföll sveitarfélaga. Hlutfallið jókst á tímabilinu fyrir öll sveitarfélög um 5%. Sveitarfélög voru hvött til að skila inn sameiginlegum áætlunum þar sem veiðar voru 10 refir eða færri og lágu saman, eingöngu fjögur sveitarfélög gengu inn í það fyrirkomulag. Heilt yfir var almenn sátt um fyrirkomulagið.

Markmið og áherslur

Umhverfisstofnun vann áætlun sem hafði að markmiði að bæta nýtingu og umgjörð þess fjármagns sem veitt er til refaveiða. Áætlunin byggði á nokkrum verkþáttum. Þeir helstu eru:

- a. Bæta upplýsingaöflun er forsenda þess að nýta megi sem best þá fjármuni sem fengist hafa á fjárlögum til refaveiða á árunum 2014-2016. Hún samanstendur af nokkrum þáttum.
- b. Bæta þekkingu á þáttum sem hafa áhrif á stofnstærð refs og setja markmið um ákjósanlega verndarstöðu hans til framtíðar.
- c. Auka þekkingu á tjóni af völdum refs og hvernig megi meta það svo hægt sé að leggja matið til grundvallar ákvarðanatöku um veiðar
- d. Markviss grenjaskráning sem gefur upplýsingar um ábúðarhlutfall, þéttleika og búsvæðaval.
- e. Undirbyggja tillögur að tilhögun refaveiða og ráðstöfun fjármagns til lengri tíma í lok verkefnisins.
- f. Bæta samráð um tilhögun refaveiða milli þeirra aðila sem málið varðar helst.

Auka þarf samvinnu milli ríkis og sveitarfélaga um refaveiðar. Áætlunin lagði upp með að taka tillit til sanngirnissjónarmiða til að tryggja áherslu á að stærstur hluti þess kostnaðar sem varið er til refaveiða lendi ekki á íbúum í fámennum en landstórum sveitarfélögum. Fámenn en landstór svæði gætu þannig fengið hlutfallslega hærri kostnað endurgreiddan en stór sveitarfélög sem eru landlítil og/eða þar sem ágangur refa er ekki vandamál.

Áætlunin byggði á fyrirliggjandi gögnum, en ljóst var að mikið vantaði upp á að nægjanlega góðar upplýsingar séu til um ástand refastofnsins og hvaða tjóni hann veldur. Forsenda þess að nægilegar upplýsingar fáiast um ástand og stærð stofnsins er að veiðimenn skili greinargóðum veiðiskýrslum ásamt upplýsingum um grenjavinnslu og eintökum af hræjum sem til falla vegna veiðanna. Í framhaldinu skili viðkomandi sveitarfélag upplýsingum til Umhverfisstofnunar.

Áætlunin er gerð upp hér í þessari skýrslu.

Áætlanir sveitarfélaga

Umhverfisstofnun kallaði eftir þriggja ára áætlunum frá sveitarfélögum um kostnað vegna veiðanna, hvernig þeim yrði háttað (grenjaveiði/vetrarveiði) og með hvaða hætti tjón er skráð vegna refa. Áætlanirnar voru endurskoðaðar árlega þar sem hægt var að breyta áherslum og gera sameiginlegar áætlanir. Lögð var áhersla á að smærri sveitarfélög gerðu sameiginlega áætlun til hagræðingar fyrir sveitarfélögin og voru sett sérstök þóknun til sveitarfélaga ef um sameiginlega áætlun var að ræða. Samningar voru gerðir við 56 sveitarfélög af 74 á þessu tímabili í samræmi við þær áætlanir sem lagðar voru fram (sjá töflu 2).

Í áætlunum sveitarfélaga var m.a kallað eftir upplýsingum um mat á þörfinni fyrir því að veiða refi í sveitarfélaginu og hve mikið tjón talið er að þeir valdi. Einnig var kallað eftir því með hvaða hætti veiðarnar eru framkvæmdar í sveitarfélaginu og var þá verið að horfa í hvort megin áhersla væri á grenjaveiði eða vetrarveiði.

Uppgjör

Á fjárlögum var gert ráð fyrir 30 milljónum á ári í þrjú ár og miðuðust endurgreiðslur við þau mörk. Ákveðin upphæð var ætluð Umhverfisstofnun fyrsta árið en að öðru leiti átti fjármagnið að standa undir endurgreiðslu til sveitarfélaga. Endurgreiðslur árin sem áætlunir náði yfir var 21,7 m árið 2014, 25,7 árið 2015 og 29 m árið 2016 (sjá nána í töflu 2). Heildarveiði sveitarfélaga sem gerðu samning á tímabilinu eru tæpir 16 þúsund refir (sjá nánar í töflu 1).

1. Bæta þekkingu á þáttum sem hafa áhrif á stofnstærð refs og setja markmið um ákjósanlega verndarstöðu hans til framtíðar.

-Til að bæta þekkingu á þáttum sem hafa áhrif stofnstærð refs, er nauðsynlegt að hafa upplýsingar um greni í ábúð. AF þeim upplýsingum má fá upplýsingar um dreifingu dýranna um landið. Einnig er nauðsynlegt að fá sýni af veiddum dýrum til að meta legör, sem segja til frjósemi dýranna, og af haus dýranna til að meta aldur. Niðurstaða: Samkvæmt upplýsingum er Ní ekki búin að klára greiningar á fyrirliggjandi gögnum. Enn vantar upplýsingar um skráningar á grenjum í ábúð, auk þess sem vantar hræ af tilteknum landssvæðum (Vesturland og Norðurland). Stærð stofnsins hefur verið metin 7.000 dýr (4.000 - 10.000), en árið 2009 var stofninn metinn um 11.000 dýr. Ekki hefur verið birt nýrra stofnstæðarmat.

2. Auka þekkingu á tjóni af völdum refs og hvernig megi meta það svo hægt sé að leggja matið til grundvallar ákvarðanatöku um veiðar

-Sveitarfélög mátu þörf á refaveiða og mat á tjóni. Niðurstaða úr áætlunum þeirra er að mjög mikil eða mikil þörf fyrir refaveiðum á þeirra svæði. 80% svörun. Einnig var kallað eftir mati sveitarfélagsins á því tjóni sem refurinn er talinn valda og og töldu um 50% af þeim sem svöruð að það væri mikið, 10% mjög mikið, 33% hvorki mikið né lítið og 8% að það væri lítið eða mjög lítið. Rúm 71% sveitarfélaga lögðu mat á þetta. Einnig gátu sveitarfélög tilkynnt tjón á uppgjörsblöðum eftir veiðitímabilið, en það voru mjög takmarkaðar upplýsingar. Einstaka sveitarfélög tiltóku tjón á æðarvarp, án þess að skýra það nánar. Stofnunin setti upp skráningarform fyrir bændur til að tilkynna tjón, en engar skráningar bárust þar á tveggja ára tímabili - sjá Mat á tjóni hér að neðan. Niðurstaða: Þekking á tjóni af völdum refs hefur ekki aukist. Einnig vantar leiðir til að meta tjónið - en reynt var að meta tjónið í skráningareyðublaði fyrir bændur, sem ekki skilaði neinum árangri. Gera þarf áttak með Bændasamtökunum í að kynna eyðublaðið fyrir bændum, svo ekki megi kenna um þekkingarleysi að það hafi ekki verið fyllt út.

3. Markviss grenjaskráning sem gefur upplýsingar um ábúðarhlutfall, þéttleika og búsvæðaval.

-Grenjaskráning var þokkaleg, en það sem vantaði var aðallega ábúðarhlutföll. Gera má ráð fyrir að flesta greni séu þekkt á virkum veiðisvæðum refa. Niðurstaða: Leggja þarf áherslu á að skrá ábúð á næsta tímabili.

4. Undirbyggja tillögur að tilhögun refaveiða og ráðstöfun fjármagns til lengri tíma í lok verkefnisins.

-Umhverfisstofnun telur að ekki séu fyrirbyggjandi upplýsingar til að leggja til tillögur að tilhögun refaveiða og ráðstöfun fjármagns til lengri tíma í lok þeirra þriggja ára áætlunar sem var að ljúka. Náttúrufræðistofnun hefur ekki unnið úr öllum fyrirbyggjandi gögnum og nýtt stofnstærðarmat liggur því ekki fyrir. Árleg meðalveiði var 5.306 refir á árunum 2014 – 2016. Niðurstaða: Nýtt stofnstærðarmat þarf að liggja fyrir, ákjósanleg verndarstaða sem og betra mat á tjóni. Mikilvægt er að samstaða náist um ákjósanlega verndarstöðu refsins, sjá lið 5.

5. Bæta samráð um tilhögun refaveiða milli þeirra aðila sem málið varðar helst.

-Síðastliðin þrjú ár hefur verið starfandi samráðshópur um refa- og minkaveiðar með aðkomu UST, NÍ og SÍS. Mest var samráðið árið 2014, en minnst árið 2016, þar sem haldnir voru 2 fundir í samráðshópnum, en auk þess var það árið fundað sérstaklega með NÍ vegna grenjaskráningar. Árið 2015 var samráð við Bændasamtökin vegna skráninga á tjóni af völdum refa í gegnum Bændatogið. Niðurstaða: Efla þarf samstarf þessara aðila og auka samráð við Bændasamtökin.

Refaveiðar

Skil sveitarfélaga á veiðiskýrslum voru almennt góð en eftir endurgreiðslulaust ár 2013 voru skilin ekki 100% hjá þeim sem höfðu gert samning. Sveitarfélög sem ekki skiluðu inn skýrslu eða engin veiði/vinna var fengu ekki endurgreitt. Heildarveiði sveitarfélaganna á tímabilinu voru 15.985 refir.

Tafla 1. Samantekt á veiði sveitarfélaga skipt eftir hlaupadýrum, grendýrum og yrðlingum árin 2014-2016.

Sveitarfélag	2014			2015			2016		
	Hlauparefir	Grendýr	Yrðlingar	Hlauparefir	Grendýr	Yrðlingar	Hlauparefir	Grendýr	Yrðlingar
Akrahreppur	27	6	12	24			14	9	19
Árborg	1			3			7		7
Árneshreppur	13	11	23						
Ásahreppur	6	5	5	7				10	15
Bláskógabyggð	33	36	68	1			66	39	74
Blönduósibær	8	2	5	6	4	12	4	7	14
Bolungarvíkurkaupstaður	48			21			20		
Borgarbyggð	173	46	63	217	11	28	264	16	24
Borgarfjarðarhreppur	9	8	14	8			5	9	17
Breiðdalshreppur	10	18	38	13	23	51	9	20	31
Dalabyggð	207	140	37	114	89	47	306	107	46
Dalvíkurbyggð	10	3	8	9			2	5	17
Djúpavogshreppur	48	45	110	35			19	25	29
Eyja- og Miklaholtsh.	9	16	13	6	18	38	10	12	30
Eyjafjarðarsveit		32	33		11	48	9	15	36
Fjallabyggð	26	9	10	4	2	4	20	6	14
Fjarðabyggð	117	21	58	100	24	38	155	17	51
Fljótisdalshérað	110	35	63	142	45	82	142	58	135
Fljótisdalshreppur	25	7	24	25	13	30	17	9	18
Flóahreppur	10	3	9	1	5	15		6	24
Garðabær				1					
Grímsnes- og Grafingshreppur	31	46	17	18	53	44	18	54	55
Grýtubakkahreppur	4	10	23	10	10	22	10	23	42
Helgafellssveit	4	5	6	8	12	7	55	5	2
Hornafjörður	65	51	44	123	99	66	220	7	
Hrunamannahreppur	26	5	10	52	6	16	30	6	9
Húnavatnshreppur	330	19	86,5	274	5	48	171	20	77
Húnaþing vestra	19	69	156	98	78	167	52	95	186
Hvalfjarðarsveit				30	21	25	26	13	32
Hörgársveit	24	9	26				15	8	27
Ísafjarðarbær				124		2	99	43	30
Kaldrananeshreppur				63	13	22	15	16	30
Kjósarhreppur				15	9	26	15	10	26
Langanesbyggð	38	26	11	4				84	49
Mosfellsbær	6	6	14		8	16		10	24
Mýrdalshreppur	35	26	49	7			30	20	54
Norðurþing		165		95	20	41	187		
Rangárþing eystra	87	56	10	10	10	28	74	17	35
Rangárþing ytra	18	28	49	8			46	39	43
Reykholahreppur	47	12	17	39			20	45	61
Reykjavíkurborg	13						10	6	16
Sandgerðisbær	8			14		5	14		7
Seyðisfjarðarkaupstaður				4	3	1	4	5	8
Skaftárhreppur	37	13	47	68	21	53	66	16	48
Skagabyggð	31	19	41	29	19	35	37	23	24
Skagafjörður	107	242	3	58	260		76	262	
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	8	69	20	49	17	30	62	17	29
Skorradalshreppur	26			17	5	15	52		
Skútustaðahreppur	48	36	72	1			24	18	40
Snæfellsbær		127	33	7	12	34		70	67
Strandabyggð				107	35	66	90	23	45
Súðavíkurhreppur	78			92	1	5	59		
Sveitafélagið Skagaströnd	3	4	12				3		
Tjörneshreppur	1				2	7		1	1
Vesturbyggð				52	12		181	75	151
Vopnafjarðarhreppur	11	18	51	1	13	32	84	9	31
Pingeyjarsveit	75	31	65	8	25	34	56	41	43
Ölfushreppur	35		36	1				15	47
Samtals	2.105	1.535	1.492	2.223	1.014	1.240	2.970	1.466	1.940

[Type here]

Einhver misbrestur var á að rétt væri skráð í veiðiskýrslur þ.e hvort um væri að ræða hlaupadýr, grendýr eða yrðlinga. Lögð verður aukin áhersla á það í nýrri áætlun að skilað verði inn réttum skráningum þar sem slíkt hefur áhrif á stofnstærðarmat og rannsóknir.

Endurgreiðslur

Endurgreiðslur til sveitarfélaga voru í samræmi við innsendar áætlanir og var endurgreiðsluhlutfallið mismunandi milli sveitarfélaga sjá „Áætlun til þriggja ára um refaveiðar 2014-2016“.

Endurgreiðsluhlutfallið var endurskoðað og hækkaði um 2% árið 2015 og 5% 2016 frá grunn hlutfalli.

Tafla 2. Samantekt á áætlunum, raunkostnaður og endurgreiðslum til sveitarfélaga 2014-2016.

Sveitarfélag	2014			2015			2016		
	Áætlun	Raunkostnaður	Endurgreiðsla	Áætlun	Raunkostnaður	Endurgreiðsla	Áætlun	Raunkostnaður	Endurgreiðsla
Akrahreppur	700.000	627.524	207.083	800.000	540.831	189.291	900.000	499.406	189.774
Árborg	330.000	7.000	700	330.000	21.000	2.520	330.000	60.200	9.030
Árneshreppur	1.000.000	307.400	101.442	1.500.000		0	1.500.000		0
Ásahreppur	310.700	381.163	102.531	310.700	363.848	108.745	310.700	476.494	118.066
Bláskógabyggð	2.050.000	2.475.339	615.000	2.050.000	3.157.141	656.000	2.050.000	3.134.164	717.500
Blönduós bær	586.462		0	615.785	612.510	73.501	646.574	574.430	86.165
Bolungarvíkurkaupstaður	420.000	336.000	33.600	490.000	147.000	17.640	560.000	140.000	21.000
Borgarbyggð	4.000.000	4.226.805	800.000	4.200.000	4.643.629	924.000	4.278.750	4.592.973	1.069.688
Borgarfjarðarhreppur	750.000	562.251	168.675	750.000	695.950	222.704	750.000	445.550	155.943
Breiðdalshreppur	1.056.900	1.295.293	211.380	1.090.000	1.163.998	239.800	1.090.000	1.011.948	252.987
Dalabyggð	4.300.000	3.721.740	1.116.522	4.500.000	4.248.320	1.359.462	4.700.000	5.061.280	1.645.000
Dalvíkurbyggð	900.000	471.000	47.100	1.050.000	587.000	70.440	1.090.000	463.499	69.525
Djúpavogshreppur	1.500.000	2.564.500	450.000	1.500.000	1.979.837	480.000	1.500.000	1.102.430	385.851
Eyja- og Miklaholtsh.	710.267	717.923	213.080	710.267	863.672	227.285	710.267	770.908	248.593
Eyjafjarðarsveit	1.400.000	1.397.066	279.413	1.400.000	1.665.904	308.000	1.400.000	1.407.036	350.000
Fjallabyggð	1.000.000	535.000	53.500	1.000.000	1.200.000	120.000	1.025.000	458.000	68.700
Fjarðabyggð	1.200.000	2.172.375	120.000	1.200.000	1.912.800	144.000	1.200.000	3.325.000	180.000
Fljótshálsa	4.000.000	3.347.402	1.004.221	4.320.000	4.879.609	1.382.400	4.410.000	4.752.104	1.543.500
Fljótshreppur	1.812.000	1.297.143	428.057	1.902.600	1.319.200	461.720	1.997.730	1.160.301	440.914
Flóahreppur	339.000	271.863	27.186	353.450	369.246	42.414	368.340	410.132	55.251
Grindavíkurkaupstaður	500.000	0	0	550.000	0	0	600.000	0	0
Grímsnes- og Grafningshreppur	950.000	1.434.798	190.000	1.200.000	1.813.872	264.000	1.400.000	1.527.000	350.000
Grundarfjarðarbær	1.500.000	0	0	2.000.000	0	0	2.000.000	0	0
Grýtubakkahreppur	490.000	735.220	98.000	540.000	684.036	118.800	580.000	1.258.260	145.000
Helgafellsveit	1.200.000	176.592	52.978	1.300.000	410.952	131.505	1.300.000	893.026	312.559
Hornafjörður	3.000.000	3.109.584	900.000	3.000.000	2.895.740	926.637	3.000.000	2.064.000	722.400
Hrunamannahreppur	1.000.000	872.015	174.403	1.000.000	1.309.980	220.000	1.000.000	1.006.616	250.000
Húnavatnshreppur	4.390.000	5.446.456	1.448.700	4.620.000	4.706.603	1.617.000	4.850.000	3.895.563	1.480.314
Húnaþing vestra	5.000.000	3.999.468	1.199.840	5.700.000	5.450.760	1.744.243	5.700.000	5.557.020	1.944.957
Hvalfjarðarsveit	2.357.000		0	2.451.000	1.694.700	203.364	2.549.000	2.285.880	342.882
Hörgársveit	1.050.000	1.439.933	210.000	1.100.000	1.787.070	242.000	1.200.000	1.725.316	300.000
Ísafjarðarbær	6.150.000		0	6.150.000	1.498.000	179.760	6.150.000	1.854.000	278.100
Kaldraneshreppur	900.000	0	0	1.050.000	850.090	272.029	1.140.000	527.746	184.711
Kjósarhreppur	1.200.000		0	1.300.000	984.316	216.550	1.400.000	1.027.239	256.810
Langanesbyggð	1.775.650	2.140.889	532.695	1.824.700	1.107.380	354.362	1.865.750	2.968.190	653.013
Mosfellsbær	1.100.000	230.355	23.036	1.100.000	197.352	23.682	1.100.000	224.152	33.623
Mýrdalshreppur	1.100.000	1.112.885	220.000	1.200.000	1.103.654	242.804	1.200.000	989.260	247.315
Norðurþing	8.365.586	8.361.996	1.672.399	8.500.000	5.518.718	1.214.118	8.800.000	6.239.266	1.559.817
Rangárþing eystra	2.600.000	2.786.914	520.000	2.850.000	3.012.547	627.000	3.000.000	1.850.353	462.588
Rangárþing ytra	2.250.000	1.268.376	253.675	2.250.000	2.709.145	495.000	2.250.000	2.277.924	562.500
Reykholahreppur	2.680.000	2.241.006	672.302	2.780.000	2.795.821	889.600	2.890.000	3.096.034	1.011.500
Reykjavíkurborg	540.000	91.000	9.100	540.000	0	0	540.000	0	0
Seyðisfjarðarkaupstaður	283.980		0	284.380	70.400	8.448	284.380	75.800	11.370
Skaftárhreppur	1.560.000	566.200	186.846	1.560.000	873.800	305.830	1.560.000	803.600	305.368
Skagabyggð	2.040.000	1.912.363	573.709	2.142.000	1.729.072	553.303	2.249.100	1.418.710	496.549
Skagafjörður	5.034.000	5.365.320	1.006.800	5.034.000	5.086.000	1.107.480	5.034.000	5.248.000	1.258.500
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	1.850.000	1.684.319	505.296	1.850.000	2.049.416	592.000	1.850.000	1.964.106	647.500
Skorradalshreppur	1.800.000	424.190	127.257	1.900.000	484.840	155.149	2.000.000	840.970	294.340
Skútustaðahreppur	5.334.000	6.127.288	1.760.220	5.600.000	6.284.136	1.960.000	5.880.000	4.592.828	1.745.275
Strandabyggð	3.000.000	2.650.596	795.179	6.249.500	5.735.421	1.835.335	3.500.000	2.713.661	949.781
Súðavíkurhreppur	754.000	821.830	226.200	754.000	815.327	241.280	754.000	644.745	225.661
Tjörneshreppur	250.000	56.960	17.088	250.000	206.580	66.106	250.000	130.160	45.556
Vesturbyggð	1.000.000		0	1.050.000	1.562.300	231.000	2.000.000	2.301.960	500.000
Vopnafjarðarhreppur	900.000	852.295	255.689	1.200.000	735.200	235.264	1.200.000	1.975.200	420.000
Þingeyjarsveit	5.908.636	5.984.577	1.949.850	6.034.725	3.402.083	1.190.729	6.167.119	5.824.145	2.213.175
Ölfushreppur	1.650.000	1.138.769	113.877	1.650.000	2.007.226	198.000	1.650.000	1.194.864	179.230
Samtals	109.828.181	89.746.981	21.674.628	118.637.107	101.944.032	25.692.299	119.710.710	100.841.449	27.997.877

Áætlanir sveitarfélaga gerðu ráð fyrir kostnaði á bilinu 108-120 milljónir, raunkostnaður samkvæmt innsendum reikningum var hins vegar á bilinu 90-101 milljón. Árið 2014 náum endurgreiðslur til sveitarfélaga tæpum 22 milljónum, tæpum 26 milljónum 2015 og tæpum 28 milljónum 2016 (sjá töflu 2).


Mat á tjóni

Umhverfisstofnun vann í samráði og samvinnu við Búnaðarstofu að gerð tilkynningaforms vegna tjóns af völdum refa og minka.

Formið var svipað og útbúið var vegna tjóns af völdum álfta og gæsa í ræktarlandi . Þar er hægt að skrá á fjögur tímabil, hvert tjónið var, viðbrögðin af hálfu bónda, og mat á tjóni. Einnig er skýrslan tengd við fjárvís þannig að það er hægt að setja inn nr. á lambi og þess háttar.

Markmiðið með þessu er að fá einhverja hugmynd um tjónið sem þessar tegundir eru að valda hjá bændum (æðarræktendur eru þar einnig). Skýrsluformið var aðgengilegt í gegn um Bændatorgið þar sem aðrar skráningar vegna búreksturs eru settar inn. Opnað var fyrir skráningar í október 2015.

Þegar þessi skýrsla fór í vinnslu höfðu engar tilkynningar verið skráðar í grunninn. Tjónaskráningin var kynnt í Bændablaðinu og einnig inn á Bændatorginu sjálfu. Miðað við skort á skráningum þá er þörf á að kynna þennan skráningamöguleika enn frekar fyrir bændum.



BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS
BÆNDATORG

HEIM / BÚNAÐARSTOFA MAST / TJÓNASKÝRSLUR / ÁGANGUR GÆSA / YFIRLIT

Valmynd

- Fréttir
- Síðan mín
- Búnaðarstofa MAST
 - Um búnaðarstofu MAST
- Styrkumsóknir
- Tjónaskýrslur
- Ágangur gæsa
- Tjón vegna refa/minka
 - Yfirlit
 - Skrá skýrslu
 - Skýrslur
 - Yfirlit umsókna
- Umsjón
- Stillingar
- Um Bændatorg

Mín kerfi

Bændatorg [Fjárvís](#) [Heiðrún \(geitfjarrækt\)](#) [Huppa](#) [Jörð](#)

Fréttir

Ársáætlun um heildargreiðslur til sauðfjårbænda komin út

Fyrir um klukkustund lauk Matvælastofnun, Búnaðarstofa, útreikningi á ársáætlunum um heildargreiðslur til sauðfjårbænda á árinu 2017. Áætlunin getur hver og einn framleiðandi skoðað undir Rafræn skjöl og Bréf hér á Bændatorginu.
.. [lesa meira](#).

Ársáætlun um heildargreiðslur til sauðfjårbænda

Matvælastofnun hefur unnið að gerð ársáætlunar um heildargreiðslur til sauðfjårbænda, sem kveðið er á um í reglugerð um stuðning við sauðfjårrækt nr. 1151/2016. Ársáætlunina skal Matvælastofnun byggja á framleiðslu fyrra árs, fjölda vetrarfóðraðra kinda á haustskýrslu, skráðu greiðslumarki í ærgildum í .. [lesa meira](#).

Þín félagsaðild að Bændasamtökunum

Upplýsingar um félagsaðild félagsmanna Bændasamtaka Íslands eru núna aðgengilegar á Bændatorginu undir **Félög/Sambönd** á upphafssiðunni. Hægt að sjá hvaða einstaklingar með félagsaðild tengjast viðkomandi búrekstri/búsnúmeri, en áður voru þar upplýsingar um aðildarfélög umráðamanns búsin.

Mynd 1. Skráning á tjóni af völdum refa í Bændatorgi.

Umhverfisstofnun vinnur samkvæmt lögum 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Í 12.gr laganna er fjallað sérstaklega um refi en þar kemur skýrt fram að veiðar séu til að koma í veg fyrir tjón sem refurinn veldur. Miðað við skort á skráningum á tjóni telur stofnunin að forsendur séu í raun brostnar fyrir áframhaldandi veiðum með því fyrirkomulagi sem er í dag. Stofnunin telur því ljóst að það þurfi að fara í gagngera endurskoðun á fyrirkomulaginu og hugsanlega breyta áherslum þar sem horft verið frekar til sérstakra hagsmuna ss æðarbænda og sérstakra fuglaverndarsvæða.

Rannsóknir og grenjaskráning

Lagt var til að tilmæli um að sveitarfélög skuli sjá til þess að Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) verði send hræ af tilteknu hlutfalli af veiddum dýrum, í samráði við NÍ um fyrirkomulag þar um. NÍ hefur það hlutverk að sjá um vöktun á refastofninum og hún er að stórum hluta unnin þannig að veiðimenn senda inn hræ af unnum dýrum sem eru síðan krufin. Með krufningu má ná ýmsum upplýsingum um stofninn. Á móti fengju sveitarfélög/veiðimenn upplýsingar um þá refi sem þau senda inn, auk skýrslu um ástand stofnsins. Þar sem sendingarkostnaður á frystivöru er hár þarf að skipuleggja sýnasöfnunina vel, t.d. í samráði við náttúrustofur þar sem það á við.

Almennt gekk vel að fá sýni af flestum svæðum á tímabilinu og bárust um 812 sýni (hugsanlega eiga einhver eftir að skila sér vegna 2016).

Tafla 3. Innsend refasýni til rannsókna 2014-2016.

Landshluti	Fjöldi dýra
Austurland	164
Norðurland	55
Suðurland	283
Vestfirðir	281
Vesturland	29
Grendýr	147
Hlaupadýr	613
Óskráð	52

Líkt og sjá má í töflu 3 þá vantar fleiri sýni af Vesturlandi og Norðausturlandi þar sem mun minna hefur skilað sér. Lögð verður áhersla á það í nýrri áætlun að kalla eftir sýnum frá sveitarfélögum á þessum svæðum. Mjög mikilvægt er að fá slík sýni til að meta stofnstærð og setja markmið um ákjósanlega verndarstöðu refastofnsins. Til að hægt sé að hafa stjórn og yfirsýn á innlendum dýrastofnum eins og ref þarf að þekking til vistfræðinnar á bakvið stofnbreytingar. Vita þarf hvað stýrir fjölgun og fækkun í stofninum og hvaða þættir það eru sem gerir dýrunum kleift að fjölga sér eins hratt og raun ber vitni. Á sama hátt þarf að vera hægt að grípa inn í ef stofnar verða of litlir, til að tryggja viðkomu þeirra. Þekking á fjölgun og fækkun eru lykilatriði í stjórnun verndar og veiða á tegundinni. Þessi mikilvæga þekking fæst ekki nema með samvinnu þeirra aðila sem sjá um og framkvæma veiðar og rannsóknir. Þar kemur framlag veiðimanna sem senda inn hræ til rannsóknna best að notum, fyrir það ber að þakka.

Grenjaskráning var mjög misjöfn eftir sveitarfélögum þar sem sum skiluðu inn samanteknum upplýsingum með gps hnitum en önnur eingöngu nöfnum á grenjum. Upplýsingar um nöfn á grenjum eru mikilvægar þar sem yfirleytt er farið á sömu greni ár eftir ár. Það sem er mikilvægast í þessu í

[Type here]

framhaldinu er að leggja áherslu að skrá ábúð eða ekki á þeim grenjum sem heimsótt eru. Þessar upplýsingar eru mjög mikilvæg í mati á þróun stofnsins og stofnstærðar.

Viðauki 1

Yfirlit eftir sveitarfélaga. Grænir hringir – Samningur. Grænir/gulir hringir – Ekki samningur, en veiðar. Rauðir hringir – Ekki samningur og upplýsingum um veiðar ekki skilað.

